

Ed.

365. Breytingartillaga

við till. til þingsályktunar um viðbótarbyggingu við geðveikrahælið á Kleppi og byggingu landsspítala.

Flutningsm.: Ingibjörg H. Bjarnason, H. Steinsson, Jónas Jónsson.

Aftan við 2. lið bætist þessi málsgrein:

Þingið ætlast til, að landsstjórnin geri samning við bæjarstjórn Reykjavíkur um að fá vatn úr Laugunum endurgjaldslaust til að hita spítalann, gegn því, að landið greiði hlutfallslega kostnað við leiðsluna heim til bæjarins.